

Umsögn vegna Hönnunarstefnu Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins 2019 - 2027 frá stjórn fagfélags fatahönnuða á Íslandi.

Um leið og Fatahönnunarfélag Íslands fagnar nýrri hönnunarstefnu vill stjórn félagsins koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

1. Framkvæmd stefnunnar

Meginmarkmið nýrrar hönnunarstefnu um betra samfélag og aukna verðmætasköpun eru jákvæð en aftur á móti er vöntun á skýrum markmiðum hvað varða framkvæmd stefnunnar og í hverra höndum sú framkvæmd eigi að vera. Mikilvægt er að þetta komi skýrt fram í Hönnunarstefnu Íslands 2019 - 2027.

Að mati stjórnar Fatahönnunarfélags Íslands er eðlilegt að Hönnunarmiðstöð Íslands sé höfð með í ráðum við framkvæmd Hönnunarstefnu. Undanfarin tíu ár hefur orðið til ómetanleg þekking og reynsla innan miðstöðvarinnar á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi. Þekking sem mikilvægt er að viðhalda og efla svo um munar. Auka þarf umfang miðstöðvarinnar með fjármagni og mannauði til að uppfylla fjölbreytt markmið stefnunnar ásamt því að efla samstarf við þá aðila sem nefndir eru; Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Íslandsstofu ofl.

2. Meginmarkmið

Betra samfélag:

- Fjölbreytni:

Tekið er undir mikilvægi þess að hönnun tryggji fjölbreyttari atvinnutækifæri í öllum geirum og að með aukinni áherslu í hönnun fái ungt fólk fleiri tækifæri til náms og starfa. Til að tryggja það að Ísland verði eftirsóknarverður staður fyrir ungt fólk að búa og starfa þarf að tryggja að hér á landi séu fjölbreyttar atvinnugreinar.

Mikilvægt er að efla hönnun sem starfsgrein á sama hátt og hún hefur verið og á áfram að vera efld sem námsgrein. Hér á landi hafa nú þegar skapast auðlindir í fagfólki í hönnun en minna er um störf. Margir hafa kosið þá leið að skapa sín eigin störf, þó mismikið milli einstakra greina.

Meðal fatahönnuða er hlutfall frumkvöðla og einyrkja mjög hátt en starfsumhverfið flókið og mikið um hindranir. Finna þarf leiðir til að efla þessa grasrót og hjálpa henni að blómstra til að skapa fleiri störf. Auðvelda þarf leiðir innan kerfisins fyrir smærri fyrirtæki til dæmis hvað varðar tollamál, virðisaukaskatt og útflutning.

- *Sjálfbærni:*

Tekið er undir áherslur er varða sjálfbærni og mikilvægi þess að koma þeim í framkvæmd. Stjórnvöld eru hvött til að nýta fagaðila innan hönnunargeirans í nefndir og stýrihópa er varða sjálfbærni og umhverfismál.

Verðmætasköpun:

- *Útflutningur:*

Ekki þarf að líta lengra en til nágretta okkar á Norðurlöndum til að sjá virði hönnunar og þau verðmæti sem greinin getur skapað. Hér á Íslandi er hönnun ungt fyrirbæri og líkt og áður hefur verið tekið fram er enn mikið um frumkvöðlastarfsemi innan einstakra faga. Mikilvægt er að byggja upp innviði sem henta greininni til að markmið um útflutning verði raunhæf og náist.

3. Vitundarvakning:

- *Framgangur hönnunar:*

Tekið er undir mikilvægi þess að stjórnvöld leiti til hönnuða og hafi þá við borðið í ráðum, nefndum og stjórnnum og haldi þannig mikilvægi hönnunar og hönnunarhugsunar á lofti í opinberri stefnumótun.

- *Í virku samstarfi:*

Tekið eru undir mikilvægi þess að stjórnvöld dragi fram kosti hönnunar sérstaklega í mótun nýrra Menntastefnu og Nýsköpunarstefnu og hafi Hönnunarstefnu til hliðsjónar í þeirri vinnu.

- *Kynningarstarf erlendis:*

Kynningarstarf með kynningarmiðstöðvum, Íslandsstofu og öðrum þeim sem standa að kynningu á Íslandi, íslenskri vöru og þjónustu heima og erlendis, teljum við að sé mikilvægt að fari fram í faglegu samstarfi við Hönnunarmiðstöð. Eins og áður sagði er þar að finna ómetanlega þekkingu og tengingu við hönnunargeirann og er nauðsynlegt að viðhalda þeim grunni til framtíðar.

4. Starfs- og stuðningskerfi:

- *Stuðningur við hönnuði:*

Margar góðar breytingar á stuðningi til hönnuða hafa orðið á seinustu árum t.d. Hönnunarsjóður og Listamannalaun til hönnuða. Efla þarf fjárframlög til þessara sjóða enn frekar. Við hvetjum því til áframhalds á þessu starfi. Þá þarf að gæta þess að taka tillit til starfsumhverfis hönnuða þegar reglur sjóða eru settar og efla sjóði eins og Tækniþróunarsjóð og gera þá aðgengilegri fyrir hönnuði og hönnunarfyrirtæki.

- *Vernd hugverka og hagrænar mælingar:*

Við teljum það jákvætt fyrir okkar starfsgrein að rýnt sé frekar í áhrif hönnunar á samfélagið, nýsköpun og efnahagslífið.

5. Menntun og Þekking

- *Þvert á námsgreinar:*

Skýra þarf þennan kafla betur. Við teljum hér að mögulegar leiðir eins og “opnar vikur” eða reynslusögur af námi í hönnun risti grunnt í kennslu og heldur þurfi hönnun og skapandi hugsun að vera fléttað inni aðalnámskrá með ríkari hætti. Þar er hægt að setja hönnun inn í bæði verk- og bóknámsgreinar með ýmsum hætti og væri jákvætt fyrir nemendur að öðlast skilning á bæði skapandi þáttum hönnunar og framkvæmdarhlið í gengum vöruþróun og skilning á framleiðslu og markaðsetningu.

- *Kennsla í hönnun:*

Við teljum það mjög jákvætt að efla þekkingu kennara og kennaranema á hönnun svo þeir geti miðlað þeirri þekkingu áfram til nemenda sinna.

Stjórn Fatahönnunarfélags Íslands

Eygló Margrét Lárusdóttir, formaður
Erla Björk Baldursdóttir
Guðrún Guðjónsdóttir
Ingibjörg Finnbogadóttir
Magnea Einarsdóttir
Margrét Sigríður Valgarðsdóttir
Valentina Tinganelli